

Íris Stefanía Skúladóttir  
Ríkisútvarpið  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík



Vestmannaeyjum 12. júlí 2016  
UST201606-108/P.V.B.  
09.06.01

## Efni: Umsókn um leyfi - Ævar vísindamaður í Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Írisar Stefaníu Skúladóttur, fyrir hönd Ævars Vísindamanns, dagsett 10. júní 2016 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar í hálfan dag í september vegna upptaka á efni fyrir þáttinn Ævar Vísindamaður.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

### Lýsing framkvæmdar:

Tilgangur ferðarinnar er að fræða börn og foreldra þeirra um tilvist Surtseyjarog þær rannsóknir sem þar hafa verið stundaðar. Þátturinn Ævar Vísindamaður gengur út á fræðslu með það að markmiði að kveikja áhuga ungs fólks á vísindum. Tökur eru í september, nákvæm dagsetning er ekki staðfest en hún fer eftir veðri. Áætlað er að mynda eyjuna og taka viðtal. Reiknað er með hálfum degi um það bil. Í hópnum væru 4-5 manns.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í hálfan dag á tímabilinu 1-30. september 2016:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
  - Gunnar Björn Guðmundsson – Leikstjóri
  - Ævar Þór Benediktsson – Ævar Vísindamaður, spyrill og þáttastjórnandi
  - Bjarni Felix Bjarnason – tókumaður
  - Ónefndur – Hljóðmaður
  - Íris Stefanía Skúladóttir – aðstoð við dagskrárgerð
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar fylgja með bréfi þessu.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.


- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.

### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit á meðan á leiðangrinum stendur. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar nr. 535/2015, 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug Einardóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur